

Mál nr 23/2015

Ár 2016, þriðjudaginn 26. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 23/2015

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 6. nóvember 2015 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina ZZ við rakkann WW án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 8. desember 2015 og henni gefinn frestur 5. janúar 2016 til að skila inn andmælum. Ekki barst svar innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun dags 18. janúar 2016 þar sem gefinn var viðbótarfrestur til 25. janúar. Svar barst frá kærðu dags. 20. febrúar og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 1. október 2015 var tíkin ZZ pöruð við rakkann WW. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Yorkshire terrier og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur svarað því til að tíkin hafi verið ræktuð af sér og að hún hafi fengið hana til sín aftur. Tíkin hafi þá verið á sjöunda ári og því síðasti séns að para hana og ekki tími til að bíða eftir augnskoðun. Kærða ákvað að taka þessa áhættu því hún hafi verið nær örugg um að tíkin væri hrein við augnsjúkdóma.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Yorkshire terrier:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun (Gildir frá 01.1.2015). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir.

Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012) starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 1. apríl 2011). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012). Undaneldisdýr verða að hafa undangengist DNA próf gagnvart prcd-PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framarlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by partentage N/C/P). (Gildir frá 01.1.2015)”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggir fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Tíkin var augnskoðuð 20.september 2015 og til allra heilla stóðst hún skoðun. Það breytir þó ekki brotinu að hún hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrir séð.

#### IV. Niðurstaða.

Kærða, Z telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Anna María Flygenring

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir